



Móðurmál.
Samtök um tvítyngi

Móðurmál - samtök um tvítyngi
Háaleitisbraut 11-13
108 Reykjavík
Kt: 421101-2990

modurmal@modurmal.com
www.modurmal.com

Reykjavík, 30. mars 2023

**Umsögn um drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá samtökunum Móðurmál**

Móðurmál - samtök um tvítyngi fagna þeirri tillögu sem lögð er fram í drögum að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og lýtur að framlagi sjóðsins til íslenskukennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í Reykjavíkurborg. Þar segir í kafla um Íslensku sem annað tungumál bls. 23 að mikil aukning hafi orðið á þörf fyrir kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál og

mikil útgjaldaaukning hafi orðið vegna þessa hjá Reykjavíkurborg. Samtökin vilja leggja áherslu á að þessi tillaga nái fram að ganga enda sé ljóst að Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi í málefnum fjöltyngdra barna á landinu öllu á liðnum árum meðal annars með stuðningi sínum við samtökin Móðurmál, húsnæði til kennslu á vegum samtakanna og skráningu bókakosts í bókasafn Móðurmáls sem telur hátt í 9000 bókartitla á yfir 70 tungumálum. Þannig má segja að borgin hafi eitt sveitarfélagi bæði staðið undir öllum kostnaði við kennslu íslensku sem annars máls og stuðningi við fjölbreytt móðurmál auk fjölda annarra verkefna sem borgin hefur leitt og önnur sveitarfélög og stofnanir notið góðs af.

Samtökin Móðurmál telja gagnrýniverð að fjöltyngdir nemendur í Reykjavíkurborg hafi ekki notið jafnræðis á við nemendur í öðrum sveitarfélögum þegar kemur að framlögum Jöfnunarsjóðs. Samtökin telja mikilvægt að samræma fjölda tíma sem börn fá í skólum til íslenskunáms með þeim hætti að tryggja að öll fjöltyngd börn á landinu fái þann stuðning sem þau þurfa.

Um leið vilja samtökin Móðurmál hvetja til þess að skoðað verði hvort unnt sé að hækka framlög til leikskóla vegna fjöltyngdra barna. Það er ljóst að stór hluti þeirra barna sem þarf stuðning í íslensku sem öðru máli eftir að í grunnskóla er komið er fæddur á Íslandi eða hefur skólagöngu á leikskólaaldri. Snemmtæk íhlutun þegar kemur að málþroska fjöltyngdra barna er mikilvæg og ef vel væri staðið að því að efla leikskólastigið í vinnu með fjöltyngd börn er ljóst að undirbúningur fyrir frekara nám og vinnu með þyngri orðaforða sem fylgir grunnskólastiginu yrði betri.

Með bestu kveðju,

Renata Emilsson Peskova

Formaður Móðurmál - samtaka um tvítyngi

Fyrir hönd stjórnar